

*Bráðabirgðalög um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, undirskrifað af konungi 9. ágúst 1934 (nr. 42).*

*Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 78 19. júní 1933 um Kreppulánasjóð, undirskrifuð af konungi 14. ágúst 1934 (nr. 43).*

*Bráðabirgðalög um viðauka við bráðabirgðalög 31. júlí 1934 um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld, undirskrifuð af konungi 16. ágúst 1934 (nr. 44).*

*Bráðabirgðalög um viðauka við bráðabirgðalög 25. maí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á saltfiski, undirskrifuð af konungi 20. ágúst 1934 (nr. 45).*

75

16. maí 1933

## S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild i lögum nr. 22, 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum frá bryggjum ríkisverksmiðjunnar, strandlengjuna suður að svokölluðum Timburhólma, og á móts við hann og suður af honum, en það eru m. a. eftirtaldar útgerðarstöðvar:

Sildveiðistöð Halldórs Guðmundssonar,  
 sildveiðistöð h/f Ásgeir Pétursson,  
 sildveiðistöð Ólafs Henriksens,  
 fasteignin Baldur,  
 sildveiðistöð H. Thorarensen,  
 sildveiðistöð dánarbús Ragnars Ólafssonar,  
 sildveiðistöðvar og sildarverksmiðjur S. Goos,  
 sildveiðistöð dánarbús Halldórs Jónassonar,  
 sildveiðistöð Edvin Jakobsens,  
 sildveiðistöð Jóns Hjaltalín,  
 sildveiðistöð hlutafélagsins Kveldúlfur,  
 sildveiðistöð Friðleifs Jóhannssonar og féлага með lifrarbræðslu,  
 sildveiðistöð Alf. Jónssonar,  
 sildveiðistöð Indiönu Tynes,  
 sildveiðistöð Ingvars Guðjónssonar,  
 sildveiðistöð samvinnufélags Ísfirðinga,  
 sildveiðistöð Páls Friðfinnssonar og féлага,  
 sildveiðistöð Skafta Stefánssonar,

sildveiðistöð Malmquists Einarssonar,  
sildveiðistöð h/f Ásgeir Pétursson undir Hafnarbökkum og landið suður  
af Timburhólmanum.

75  
16. maí 1933

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar  
að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1933.*

Magnús Guðmundsson.

*Páll Pálmason.*

## G J A L D S K R Á

fyrir notkun rafmagns í Keflavíkurkaupúni.

76  
28. júní

### 1. gr.

Um leið og hús eru tekin í samband við taugar rafveitunnar, skal húseig-  
andi greiða tengigjald, sem fer eftir brunabótavirðingarverði húseignarinnar  
þannig, að fyrir hvert hús, sem er að virðingarverði:

frá 0— 5 þúsund krónur greiðist .....	kr. 20,00
— 5—10 — — — .....	— 30,00
— 10—20 — — — .....	— 40,00
yfir 20 — — — .....	— 50,00

Ef heimtaug frá aðallögn er lengri en 40 metrar ákveður rafveitunefnd tengi-  
gjaldið í samráði við hreppsnefnd.

### 2. gr.

Verð á rafmagni til ljósa gegnum mæli er fyrst um sinn kr. 1,20 kilóvatt-  
stund.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjald þetta um 25% eftir því  
sem þarf, til þess að rekstur stöðvarinnar beri sig.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að rafmagn handa aðgerðar- og beitingahús-  
um, eða annarar slíkrar útgerðarstarfsemi, skuli selt allt að 50% herra verði en  
rafmagn til annara ljósa.

Hreppsnefnd ákveður verð á rafmagni til gatna og hafnarlýsingar eða til  
hleðslu rafgeyma fyrir útvarpstæki.

Után venjulegs ljósatíma er gæzlumanni heimilt að hafa vélar stöðvarinnar  
í gangi ef þess er óskað. Skal sá, sem þess óskar, greiða fyrir hverja klukkustund,  
eða brot úr klukkustund kr. 10,00.

Mælisleiga skal vera kr. 0,75 á mánuði.

### 3. gr.

Gjald fyrir rafmagn um mæli greiðist mánaðarlega um leið og lesið er af  
mælinum.